

Umhverfisáhrif jarðhitanytingar  
Samvinnuverkefni Orkustofnunar og  
orkufyrirtækja

**Guðmundur Pálmason**

**Greinargerð GP-92-01**

## Umhverfisáhrif jarðhitanýtingar

### Samvinnuverkefni Orkustofnunar og orkufyrirtækja

Í fjárlögum fyrir 1992 er sérjárveiting til Orkustofnunar til að gera úttekt á umhverfisáhrifum jarðhitanýtingar hér á landi. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki þrjú ár og verði unnið í samvinnu við þau orkufyrirtæki, sem annast vinnslu á háhitasvæðum, þ.e. Landsvirkjun, Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Viðræður hafa þegar farið fram við þessi fyrirtæki og hafa þau lýst sig reiðubúin til þátttöku og munu greiða hluta kostnaðar við verkið.

Verkefnið felur í sér úttekt á umhverfisáhrifum núverandi jarðhitavinnslu á háhitasvæðum, en einnig verða skoðuð líkleg áhrif slíkrar vinnslu á þeim svæðum sem kunna að verða tekin í notkun í framtíðinni. Þá verður hugað að rannsóknarverkefnum sem vinna þarf til að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum vinnslunnar. Má þar nefna t.d. niðurdælingu á jarðhitavatni, gashreinsun eða gasbrennslu, og þróun búnaðar til að nýta kísilríkt vatn. Grunnvatnsmengun getur á vissum stöðum verið vandamál, og þarf að skoða mikilvægi og lausnir þess á hinum ýmsu stöðum. Hugsanlega tilvist SO<sub>2</sub> í andrúmsloftinu, sem rekja mætti til brennisteinsvetnis frá jarðhitasvæðum, þarf að rannsaka nánar. Þetta eru aðeins fáein dæmi af mörgum um rannsóknarverkefni sem aðkallandi er að taka fyrir.

Verkefnisstjóri af hálfu Orkustofnunar verður Hrefna Kristmannsdóttir, en henni til aðstoðar verða Einar Tjörvi Elíasson og Hákon Aðalsteinsson. Komið hefur verið á fót samstarfsnefnd þeirra aðila sem að verkefninu standa til að samræma aðgerðir og eru m.a. í henni einn fulltrúi frá hverju orkufyrirtæki. Aðstandendur verkefnisins telja mikilvægt að góð samvinna takist við Umhverfisráðuneytið um skilgreiningu og framkvæmd verkefnisins. Mætti hugsa sér að tryggja það m.a. með aðild ráðuneytisins að samstarfsnefndinni.

Greinargerð þessi er tekin saman til upplýsingar fyrir Umhverfisráðuneytið, og er hér með óskað eftir fundi með ráðuneytinu til að kynna verkefnið nánar.

F.h. Orkustofnunar

Guðmundur Pálmason  
forstjóri Jarðhitadeildar